

Alþingi  
Erindi nr. P 127/939  
komudagur 27.2.2002



Nefndasvið Alþingis  
Sigrún Brynja Einarsdóttir  
Austurstræti 8 - 10  
150 Reykjavík

Reykjavík 27. febrúar 2002  
Tilvísun: 2002020054/90.1.1  
HH/BH  
Tilv. ykkar: 19.02.2002

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni, 266. mál.**

Með bréfi dags. 19. febrúar er óskað umsagnar um tillögu til þingsályktunar um samkeppnisstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni. Samkvæmt tillögunni er ríkisstjórninni falið að skipa nefnd, sem hafi það hlutverk að kanna þróun vöruverðs og rekstrar- og samkeppnisaðstöðu atvinnufyrirtækja á landsbyggðinni síðastliðin tíu ár og bera saman við þróunina á höfuðborgarsvæðinu á sama tímabili. Sérstaklega verði könnuð áhrif þungaskatts á vöruverð á landsbyggðinni og rekstrarskilyrði atvinnufyrirtækja þar. Nefndin á að skila skýrslu til Alþingis fyrir 1. október 2002.

Á undanförmum árum hefur athyglin í vaxandi mæli beinst að hagrænum þáttum samgangna. Hagfræðistofnun Háskóla Íslands hefur meðal annars unnið nokkur slík verkefni fyrir samgöngustofnanir landsins, bæði fyrir einstakar stofnanir og þær sameiginlega. Þannig er í gangi vinna við rannsóknarverkefnið *Samgöngulíkan fyrir Íslandi*, sem taka mun á hagrænum þáttum samgangna. Þetta verkefni er unnið fyrir Flugmálastjórn, Siglingastofnun og Vegagerðina. Þá hefur Rannsóknarstofnun Háskólans á Akureyri einnig unnið að hagrænum athugunum fyrir Vegagerðina. Hagrænar athuganir hafa vafalítið farið fram á vegum fleiri aðila en samgöngustofnana.

Bent er á þetta hér til að undirstrika það að hér er um fremur flókin verkefni að ræða, sem vanda þarf til og taka umtalsverðan tíma ef niðurstöður og tillögur eiga að vera marktækar.

Vegagerðin telur að rannsóknir á þessu sviði þurfi að aukast á næstu árum, og mun fyrir sitt leyti stuðla að því. Ekki er tekin afstaða til þess hvort hentugt sé að skipa nefnd til að skoða sérstaka þætti í þessum málaflokki. Sé það hins vegar gert þarf að ætla henni bæði tíma og fjármagn til verkefnisins.

Virðingarfyllst,

Helgi Hallgrímsson  
vegamálastjóri.